

VATNSVEITA, STOFNLÖGN AÐ KAMBALANDI

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

VERKNÚMER:	20059	DAGS.:	2020-05-27
VERKHLUTI:	001	NR.:	05
FUNDARSTAÐUR:	Fjarfundur í gegnum Teams og síma.		
FUNDARMENN:	FYRIRTÆKI / STAÐA:	SÍMI:	NETFANG:
Jón Sæmundsson [JSæ],	Verkís hf.	862 1919	jons@verkis.is
Helgi Bárðarson [HEB],	Verkís hf.	661 0331	heb@verkis.is
Jón Friðrik Matthíasson [JFM],	Hveragerðisbær	483 4000	jonfridrik@hveragerdi.is
Jóhann Ísleifsson [JÍ],	Aðalleið ehf.	693 3110	johannisl@simnet.is

AFRIT SENT: Fundarmenn, Baldur Sigurðsson; Aðalleið og Ari Guðmundsson, Verkís.

Ljós skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.

Dagskrá

0. Fundir - Síðasta fundargerð

Ekki eru gerðar athugasemdir við síðustu fundargerð, en hún verður þó undirrituð síðar.

Sjá fundayfirlit í gr. 33.

1. Öryggis- Heilbrigðis- og Vinnuumhverfismál (ÖHV)

- Verktaki er beðinn um að skila öryggisáætlun í samræmi við ÖHV-kafla útboðsgagna.
- Mikilvægt er að farið sé eftir merkingarplani þar sem að mikið er af fólki á gangi á svæðinu og því hætta á að það geti hrasað ofan í skurði sem ekki eru merktir á viðeigandi hátt.
- Verktaki minntur á að setja upp brú aftur og viðhalda merkingum á svæðinu samkvæmt merkingarplani. - Verktaki minntur á að setja borða við göngustíga þegar byrjað verður að grafa upp göngustíg, mikilvægt að viðhalda þessum merkingum. Verktaki upplýsir að hann ætli sér að setja upp skilti um að svæðið sé lokað vinnusvæði.

2. Málefni verkkaupa

- Jón Sæmundsson og Helgi Bárðarson munu verða umsjónar- og eftirlitsmenn Hveragerðisbæjar.

3. Málefni verktaka

Atriði / Upplýsingar	Skilað	Athugasemd / Kröfur
Öryggisáætlun		(innifalin eru viðbragðsáætlun og merkingaráætlun)
Yfirstjórnandi og verkstjóri		Jóhann Ísleifsson
Ábyrgðaraðili öryggismála		Jóhann Ísleifsson
Ábyrgðaraðili vinnustaðarmerkinga		Brynjólfur D. Halldórsson
Tæknilegur ráðgjafi		Brynjólfur D. Halldórsson
Verkáætlun nr. 1	24. febrúar 2020	
Verkáætlun nr. 2	5. mars 2020	
Verkáætlun nr. 3	20. mars 2020	Tillögu að lengdum verktíma var hafnað af umsjónarmanni



		<i>samdægurs og óskað eftir nýrri verkáætlun þar sem verklok væru í samræmi við verk gögn. Verkáætlun nr. 2 er því í gildi</i>
Verkáætlun nr. 4	17. apríl 2020	Verklok áætluð 6. júlí

Verktaki gerir ráð fyrir að hefja vinnu 9. mars. Vinna hófst ekki fyrr en 18. mars 2020

4. Tryggingar

Verkkaupi óskar eftir afriti af tryggingarskírteini ábyrgðartryggingar í samræmi við útboðsgögn.

- Ítrekað

5. Samningar

Verksamningur hefur verið undirritaður.

6. Aðstaða verktaka

Verktaki mun setja aðstöðu í Austurmörk 9.

7. Athafnasvæði og umgengni

- Á og við framkvæmdasvæði skal verktaki haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á jarðvegi og gróðri umhverfis lagnaskurð og göngustíga. Þetta á t.d. við um mosa, trjágróður, klettamyndanir, grös ofl. umhverfis göngustíg. Fara þarf sérstaklega yfir áfanga A og B með Úlfari Óskarssyni forstöðumanni skógræktar í Hveragerði.
- Umræða var tekin um uppgrafið ónothæft efni. Skv. verklýsingu á að fjarlægja strax það efni sem notast ekki aftur og ekki má geyma það á skurðbakkanum.
- Verkkaupi nefnir þann möguleika að hægt er að fara með uppgrafið ónothæft efni í hugsanlega mótun. Þetta verður skoðað sérstaklega

8. Umhverfi

- Á og við framkvæmdasvæði er íbúabyggð sem og útivistarsvæði. Búast má við töluverðri umferð, bæði gangandi og akandi í og við framkvæmdasvæðið. Verktaki er beðinn um að taka tillit til þessa á framkvæmdartíma og sýna aðgát við alla vinnu sína. Huga þarf einnig vel að vinnusvæðamerkingum á þeim stöðum sem sýnt er á teikningum hönnuða.

9. Veitufyrirtæki og eldri lagnir

- Vitað er um töluverðan fjölda lagna á svæðinu. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt í öllum tilfellum. Líklegt er að e-h af óþekktum lögnum komi í ljós eftir að byrjað er á jarðvinnu.
- Vitað er um lagnir frá eftirfarandi aðilum og mun verktaki vera í sambandi við þessa aðila varðandi nánari staðsetningu:
 - Rarik
 - Mílu
 - Veitum
 - Hveragerðisbæ
- Búið er að sóna út rafstreng sem liggur við vatnslögn á svæði A við Dynskóga og samkvæmt hönnuði þá er von á því að það kom til breytinga á því svæði. Verða uppfærð gögn sent síðar. - Tillaga hefur borist frá hönnuði og er verið að fara yfir hana af verkkaupa og Rarik.
- Strengir frá Gagnaveitu og frá Rarik voru slitnir við gröft tengilagnir í Pelamörk. Verktaki var í sambandi við Gagnaveitu vegna þessa og er búið að laga þá strengi. Verktaki hafði einnig upplýst að hafa verið í sambandi við Rarik vegna súnunnar og að Rarik hafi viðurkennt mistök með að sóna ekki út þennan rafstreng og að þeir myndu taka á sig kostnað við viðgerðina.



- Samkvæmt Luksjá Orkuveitunnar er strengur frá Gagnaveitu við enda Kambahrauns skammt frá áfanga B. Verktaki er því aftur hvattur til að vera í sambandi við veitufyrirtæki sem vitað er um að eigi lagnir innan Hveragerðisbæjar sbr. lista.

10. Vinnutími

Vinnutími er almennt sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga: kl. 8 til 17

Líklegt er að unnið verði stöku laugardaga.

- Verktaki upplýsir að hann ætli sér að fjölga vinnustundum í verkinu verulega.

11. Mannafli og tæki

Mannafli:

- *Aðalverktaki gerir að jafnaði ráð fyrir að tveimur til þremur mönnum auk undirverktaka.*
- Tveir til þrír menn að vinna svæðinu. Unnið er með tveimur misstórum gröfum og tveimur misstórum búkollum. - Að meðaltali tveir menn að vinna við verkið síðustu daga. Eftirlit telur nauðsynlegt að verktaki bæti við mannskap til að ná að vinna upp tafir í verkinu. Verktaki upplýsir að hann ætli sér ekki að fjölga mannskap eða tækjum og vill meina að aðstæður leyfi ekki fleiri tæki né mannskap. Verktaki upplýsir hins vegar að hann ætli að fjölga vinnustundum verulega til að ljúka verkinu eigi síðar en 6. júlí nk.

12. Undirverktakar

- *Pípulagnir: Set ehf.*

13. Dagskýrslur

Ekki er gerð krafa á að verktaki haldi dagbók en óskað er eftir að verktaki haldi dagbók vegna aukaverka sem kunna að verða í verkinu.

- *Verktaki telur að endurteknar mælingar séu aukaverk. Er hann minntur á að krafist sé dagskýrsla fyrir öll aukaverk.*

14. Byrjun áfanga

- *Verktaki stefnir á að ljúka áfanga C í lok næstu viku og ætti því að geta hafið vinnu við áfanga B eftir það. Verktaki er þá áminntur á að samkvæmt útboðsgögnum sé ekki leyfilegt að hefja vinnu við nýjan áfanga fyrr en vinnu er lokið við fyrri áfanga. - Krafa um að ekki megi byrja á næsta áfanga fyrr en fyrri áfanga er lokið er ítrekuð. Þó hefur verið gefið leyfi fyrir því að færa tré/plöntur sem á að færa í áfanga B og A þó að áfanga C sé ekki lokið, er verktaki einnig hvattur til að fara í það sem fyrst til að vernda plönturnar. Um er að ræða birkiplöntur sem eru merktar inná yfirlitsmynd. - Verktaki hefur lokið við að færa þær plöntur sem átti að færa.*
- *Búið er að setja út lagnaleið á áfanga B, upplýsir verktaki að samkvæmt þeirri útsetningu liggi lögnin öll sunnanmegin í stígnum en ekki norðan megin líkt og lesa má úr kennisniði. Ákveðið að eftirlitsmenn fari á staðinn og skoði hvort ástæða sé til hliðarfærslu í norður á lögninni. - Tekin var ákvörðun af eftirliti, eftir vetfangsferð á staðinn, að leyfa færslu frá hönnunargögnum í norður um 0.5 til 1.5 m gildir þetta frá stöð 640 til 950. Ítrekað er þó að passa verður upp á gróður, sbr. vetfangsferð með forstöðumanni skógræktar í Hveragerði og þarf vinnupláss verktaka að taka mið af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.*
 - *Verktaki telur ekki þörf á því að fá nýja útsetningu, heldur dugi að gefa upp hliðarfærsluna.*
- Verktaki sendi tölvupóst 27. maí, þar sem orðsendingu (OS-01) er svarað. Upplýsir hann þar framvindu næstu daga ásamt því að óska eftir því að fá að hefja vinnu við áfanga A samhliða og vinna við áfanga B fer fram. Eftirlit hefur hafnað þeirri beiðni verktaka með vísan í hönnunargögn



þar sem skýrt er kveðið á um að ekki megi hefja vinnu við nýjan áfanga fyrr en fyrri áfanga er lokið.

15. Verkstaða

- Áfanga C er lokið með öllum tengingum og yfirborðsfrágangi og er vinna við áfanga B hafin. Búið er að leggja niður vatnslögn að stöð 950 og er verið að sanda yfir hana.
- Búið er að saga og fjarlægja tré sem voru innan framkvæmdasvæðis í áfanga B.

16. Samningsbundnir skiladagar verks eða verkþátta

- Fullnaðarverklok skulu vera eigi síðar en 15. júní 2020.
- Fullnaðarverklok hafa verið framlengd um 3 vikur og er því lokaskiladagur settur 6. júlí 2020.
 - Í verkáætlun verktaka nr. 4 er miðað við að áfanga C verði lokið í viku nr. 17 eða eigi síðar en 24. apríl nk.
 - Í verkáætlun verktaka nr. 4 er miðað við að áfanga B verði lokið í viku nr. 23 eða eigi síðar en 5. júní nk.
 - Í verkáætlun verktaka nr. 4 er miðað við að áfanga A verði lokið í viku nr. 27 eða eigi síðar en 3. júlí nk.
- Eftirlit sendi verktaka orðsendingu nr. 01, dagsett 15. maí 2020, varðandi áhyggjur af verkstöðu og hvatningu um aukin afköst og úrræði vegna málsins. Óskað var eftir aðgerðaáætlun og uppfærðri sundurliðaða verkáætlun fyrir lok 19. maí 2020. Þá er minnt á tafabótaákvæði verksamnings.
 - Ekki var brugðist við þessari beiðni.
- Þann 22. maí 2020 var verktaki minntur á að í orðsendingu nr. 01 hafi verið óskað eftir aðgerðaáætlun og uppfærðri sundurliðaðri verkáætlun fyrir lok 19. maí 2020. Því var óskin ítrekuð og óskað eftir þessum gögnum fyrir lok 26. maí 2020.
 - Ekki var brugðist við þessari beiðni innan frestsins en að morgni 27. maí 2020 barst tölvupóstur [TP] frá verktaka um lauslega verktílhögun þar sem m.a. var tilgreint að áfanga B yrði lokið 14. júní 2020 og ósk um heimild til að vinna samhliða í A og B áföngum.
 - Erindi verktaka að vinna samhliða í tveimur áföngum er hafnað enda ekki í samræmi við verk gögn.

17. Verkáætlun, framvinda fram að næsta verkfundi

Verkáætlun nr. 4

Dags. 16.04.20. B.D. J.Í.			C: st. 1+000-1+512					B: st. 0+300-1+000					A: 0+000-0+300				
			Apríl					Maí					Júní				
Verkþáttur	Magn	Afköst	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	26	27	27	
1. Aðstaða og öryggismál	1																
2.1.1-2.1.3 Gröftur																	
2.1.4 Styrktarlag	900 m³																
2.1.6-2.1.8 Skurðsnið 1-3	1.625 m																
2.1.9 Fleygun	250 m³																
2.1.11 Brottlutt efni	1.200 m³																
2.2.1-2.2.2 Frágangur yfirborðs	1.110 m																
2.2.3 Malarslittlag	1.410 m²																
2.2.4- 2.2.9 Þrep / hellulögn																	
3.1.1-3.1.2 Vatnslagnir	1.593 m																
3.1.3-3.1.8 Lokar	9 stk.																
3.1.9-3.1.10 Brunnur	1																
3.2.2.1-3.2.2.2 Jarðstrengir	1.385 m																
Fjárstreymisáætlun			14.1 m.kr.					19.2 m.kr.					8.4 m.kr.				



- Í TP frá verktaka þann 27. maí 2020 kom fram að hann áætlað að vera búinn að sjóða 250-300 m þriðjudag 2. júní nk. og að í kjölfarið verði hægt að fara í þrýstiprófun. Restin af vatnslögn í áfanga B verði svo kláruð miðvikudag 10. júní 2020. Verktaki gerir ráð fyrir að vera búinn með áfanga B 14. júní nk. eða í viku 25. Er þar með talin rafstrengur fyrir ljósapolla og tilheyrandi tengikassa.
 - Ef þessi verktilhögun gengur eftir, verður verkstaða verksins um tveimur vikum á eftir gildandi verkáætlun.

18. Hönnun – Breytingar – Útfærslur

- Ákveðið að setja ljósapolla, allt að 32 stk. og tvo brunahana á framkvæmdarsvæðinu; í áföngum A og B. Óskað er eftir að verktaki framkvæmi þetta sem aukaverk. - Óskað er eftir verðtilboði
- Skilaboð frá framleiðanda um seinkun á afhendingu á ljósapollum vegna Covid. Möguleiki er á því að það verði því seinkun á afhendingu. - Staðan á afhendingu er óbreytt, þetta á þó ekki að tefja verkið þar sem að verktaki getur skilið eftir hönk fyrir hvern polla.
 - Eftir fund komu skilaboð um að ljósapollar væru tilbúnir til afhendingar í áhaldahúsi bæjarins.
 - Verktaki upplýstur um ákvæði í verklýsingu um að skilja þurfi eftir að minnsta kosti 8 m hankir fyrir ljósapolla og að við suma polla sem eru staðsettir þar sem stígur er hvað breiðastur þurfi að tryggja að nóg lengd sé skilin eftir, í verklýsingu eru nefndir pollar nr 114, 117, 120 og 124 en þó ekki einskorðað við þá.
- Þegar að breytingar vegna færslu á vatnslögn, sökum rafstrengs í áfanga A, koma fram þarf að skoðast hvort ástæða sé til þess að fá ný einingarverð frá verktaka eða hvort hægt sé að nýta þau einingarverð sem nú eru í gildi. - Breytingar í áfanga A verða lagðar fyrir í þessari viku, þ.e. viku 22.
- Tekin var ákvörðun af eftirliti, eftir vetfangsferð á staðinn, að leyfa færslu frá hönnunargögnum í norður um 0.5 til 1.5m gildir þetta frá stöð 640 til 950. Ítrekað er þó að passa verður upp á gróður, sbr. vetfangsferð með forstöðumanni skógræktar í Hveragerði og þarf vinnupláss verktaka að taka mið af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.
- Í enda Heiðmerkur var DN 100 spindiloka bætt við vegna heimlagnar að bústað efst í Kambalandi.

19. Teikningar / Verklýsingar

Eftirfarandi verkgögn hafa verið send verktaka:

Heiti	Sent til verktaka	Sent af
Uppfærð hönnunargögn frá stöð 1.320 til 1.512 á xml og csv formi	16.3.2020	Helgi B.
Verkteikning vegna stígalýsingar á pdf og xml formi	12.3.2020	Helgi B.
Verkteikningar á pdf og dwg og innmælingargögn	11.3.2020	Helgi B.
Uppfærð teikning 2816-044-TEI-V02 á pdf formi. (breytt kennisnið á göngustíg)	15.4.2020	Helgi B.

20. Efnisúttegun verktaka og verkkaupa

- Efnisúttegun verkkaupa er er talin upp í gr. 0.8.4 í útboðslýsingu annað útvegar verktaki, eftirfarandi efni mun verkkaupi útvega:
 - Rafstrengi vegna götulýsingar
 - Aðvörunarborða vegna rafstrengja
 - Aðvörunarborða vegna vatnslagna
- Verktaki mun útvega brunahana en óskað er eftir efnissamþykkt vegna hans.
- Að auki mun verkkaupi útvega ljósapolla. Efnisafhending verður skv. verklýsingu.
 - Eftirlit hefur samband við Binna Dan hjá Suðra ehf. varðandi að fá tilboð í ljósapolla. - Ítrekað
 - Verkkaupi upplýsir að seinkun gæti orðið á afhendingu á ljósapollum.
 - Eftir verkfund kom í ljós að ljósapollar eru tilbúnir til afhendingar í áhaldahús Hveragerðisbæjar.



- Raflagnir og tengiskápur fyrir ljósapolla eru í áhaldahúsi Hveragerðisbæjar

21. Rannsóknir

Ekki rætt á þessum fundi.

22. Úttektir og mælingar

- Hönnuður hefur yfirborðsmælt framkvæmdasvæðið. Eftirlit hefur óskað eftir þessum gögnum. Verktaki óskar jafnframt eftir þessum gögnum.
- Binni Dan hefur bæði mælt upp klöpp fyrir fleygun og einnig botn eftir fleygun.
- Verktaki óskar eftir því að fá afhentar innmælingar af skurðbotni sem eftirlit hefur framkvæmd í áfanga C. Helgi sendir innmælingar á mælingarmann verktaka, Binna Dan.
- Búið er að yfirfara mælingar á lögninni í áfanga C og byrjun áfanga B með tilliti til staðsetningar á afloftunarloka. Staðsetning á hápunkti er á svipuðum stað og hönnun gerði ráð fyrir. Koma þarf fyrir afloftun og brunni í hápunkti líkt og hönnun gerir ráð fyrir.

23. Verkgæði og verklag

- Ekki rætt á þessum fundi.

24. Magntölur

- Eftirlit nefnir að mögulega er vanáætlað magn í yfirborðsfrágangi í tilboðsskrá vegna áfanga C. Eftirlit fer yfir þetta með verktaka.

25. Reikningar

- Verða skv. verklýsingu
 - Framvindureikningur nr. 1 er frágenginn.

26. Viðbótar- og aukaverk

- Setja upp ljós með tilheyrandi frágangi. Fá verð í þennan verkþátt.
- Setja upp brunahana með tilheyrandi frágangi. Fá verð í þennan verkþátt. - Ítrekað
- Rætt um að setja upp tvær brýr yfir skurð fyrir gangandi. Verkkaupi óskar eftir því að verktaki setji upp göngubrú með handriði yfir skurð. Ákveðið að hafa brýrnar við Heið- og Þelamörk. Passa þarf aðvörunarborða og öryggisvarnir við skurð og við brýr.
 - Verktaki hefur sett upp eina brú við göngustíg á móts við Kjarrheiði/Þelamörk - og eina brú við Heiðmörk.
- Verktaki vill meina að það hafi þurft að framkvæma aukaútsetningu vegna þess að í frumgögn hafi vantað hluta af lagnaleiðinni.
- Ítrekað að verktaki þurfi að senda inn dagskýrslur vegna viðbótar- og aukaverka
- Bætt við DN 100 spindiloka á lögn í Heiðmörk við heimtaug að bústað efst í Kambalandi.

27. Kröfur

Ekki rætt á þessum fundi.

28. Tafabætur

Ekki rætt á þessum fundi.

29. Verklök / Úttektir

- Verklök verða eigi síðar en 15. júní 2020.
- Ný verkáætlun var send af verktaka þann 17. apríl 2020 og er í henni gert ráð fyrir að verklök verði 6. júlí 2020 líkt og um var samið á síðasta verkfundi þann 15. apríl 2020.



- Þar sem verkáfangi C er lokið verður stöðuúttekt á þeim áfangi þann 3. júní nk. kl. 9.
- Gert ráð fyrir lokaúttekt verksins 6 eða 7. júlí 2020.

30. Viðhald og Viðgerðir

Ekki rætt á þessum fundi.

31. Samningslok

- Verklök verða eigi síðar en 15. júní 2020.
- Verklök verði eigi síðar en 6. júlí 2020.

32. Önnur mál

- *Umræða var tekin um fyrirhugað Hengilshlaup, en það hlaup hefur verið eftir stígunum sem verið er að framkvæma á. Hlaupið fer fram 5 og 6. júní, samkvæmt gildandi verkáætlun á áfangi B að vera lokið í viku 23 sem er 1-7. júní. Verktaki var ekki tilbúinn til að lofa því að vera búinn á þeim tíma. Ákveðið að Jón Friðrik taki málið fyrir innanhúss og upplýsi um stöðuna á þessu hlaupi. Ekki rætt um þetta á þessum verkfundi.*

33. Fundayfirlit

Dags. / Tími	Staður	Þátttakendur	Málefni
Fö. 6. mars kl. 10:30	Verkís, Selfossi	JSæ, HeB, JFM, JÍ og BS	Verkfundur nr. 1
Fö. 27. mars kl. 10:00	Teams fjarfundur	JSæ, HeB, JFM og JÍ	Verkfundur nr. 2
Mi. 15. apríl kl. 10:00	Teams fjarfundur	JSæ, HeB, JFM og JÍ	Verkfundur nr. 3
Mi. 7. maí	Teams fjarfundur	JSæ, HeB, JFM og JÍ	Verkfundur nr. 4
Mi. 27. maí	Teams fjarfundur	JSæ, HeB, JFM og JÍ	Verkfundur nr. 5

34. Næsti verkfundur

Næsti verkfundur verður haldinn í aðstöðu verktaka eða í fjarfundi, miðvikudaginn 3. júní kl. 10:00.

Fundi slitið kl. 11:00.

Ritað/ HEB

Dags. _____

F.h. verktaka

F.h. verkkaupa